

LÖG
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr.

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr.

Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksraða, héraðssambanda og íþróttabandalaga, og eru öll þau félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa og keppa í körfuknattleik, aðilar að KKÍ.

3. gr.

Starf KKÍ er í megin atriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra íslenzkra körfuknattleiksmála.
- b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að alþjóða-körfuknattleikssambandinu F.I.B.A. Með hæfilegum fyrirvara skal KKÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskifti við útlönd.

4. gr.

Málefnum KKÍ stjórna:

- a) Körfuknattleiksþingið.
- b) Stjórn KKÍ.

5. gr.

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksmanna og kvenna, bannig að fyrir allt að 50 menn koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50, eða brot úr 50 upp í allt að full 200 félaga, og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hvert fullt 100 félaga þar fram yfir.

Þingið skal árlega háð í byrjun október. Skal boða það bréflega með minnst 2 ja mánaða fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verða fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KKÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins, ásamt ársskýrslu stjórnar, í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing. Körfuknattleiksþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðið.

6. gr.

Á körfuknattleiksþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrælsi og tillögurétt:

- a) Stjórn KKÍ, varastjórn og endurskoðendur.
- b) Sambandsráð ÍSÍ.

- c) Fastráðnir starfsmenn KKÍ og ísí.
- d) Fulltrúar Körfuknattleiksdomarafélaga.
- e) Allir nefndarmenn KKÍ.
- f) Körfuknattleiksdomstóll.
- g) Formaður Olympíunefndar Íslands.
- h) Íþróttatfulltrúi og íþróttanefnd ríkisins.

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá, sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleikspingið og eigi hann heima innan héraðs. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Pó má heimila, að fulltrúi fari undir sérstökum kringumstæðum (langt og dyrt að sækja pingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja pingið) - með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila - sérráðs eða héraðssambands (félags), sem hann er fulltrúi fyrir. Pó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar, sem pingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7. gr.

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega bingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Pó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er láttinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabyrgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hátt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfshæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt körfuknattleiksping.

8. gr.

Störf körfuknattleiksping eru:

- 1) Pingsetning.
- 2) Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
- 3) Kosnar fastar nefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver. Er bréfritari sjálf-kjörinn formaður kjörbréfanefndar.

- 4) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7) Lagðar fram laga og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
- 8) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borizt hafa til stjórnarinnar. - Þinghlé -
- 9) Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
- 10) Önnur mál.
- 11) Kosnir 3 menn í körfuknattleiksdómstól og 3 til vara.

- 12) Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttaping.
- 13) Pingfundagerðir lesnar og staðfestar.
- 14) Pingslit.

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirhluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddir fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá bingsins var send sambandsaðilum. (skv. 5. gr. fjórðu málsgrein). Ársskýrslu KKÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum bingsins, skal senda framkvæmdastjórn ísí og sambandsaðilum KKÍ innan tveggja mánaða frá bingslitudum.

9. gr.

Stjórn KKÍ skipa 7 menn, formaður, varaformaður, bréfritari, gjaldkeri, fundaritari, formaður laganeftnar og formaður útbreyðslu-nefndar. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem síðan skipta með sér störfum. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn, og taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár KKÍ er miðað við 15. september.

10. gr.

Starfssvið stjórnar KKÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
- b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
- c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik, er séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
- d) Að senda sambandsráði og framkvæmdastjórn ísí lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því, að lög og leikreglur KKÍ séu haldin.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabyrgðaákvæði.
- g) Að skera úr ágreiningi um körfuknattleiksmál.
- h) Að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi. Það skal KKÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samræði við stjórnir sérráða(héraðs-stjórnir) og framkvæmdastjórn ísí.
- i) Að úthluta þeim stykjum til körfuknattleiks, sem KKÍ fær til umráða.
- j) Að koma fram erlendis fyrir hönd körfuknattleiks í landinu.
- k) Að kjósa 2 menn í laganeftnd og 2 menn í útbreyðslunefnd, samkv. tillögu hlutaðeigandi formanns.

11. gr.

Formaður KKÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr.

Körfuknattleikssérráðin (héraðssamböndin) eru milliliður milli félaga sinna og stjórnar KKÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mótt, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur

skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra körfu-knattleiksmana í umdæminu skulu þau senda stjórn KKÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á körfuknattleiksþinginu, sbr. 5. gr.

13. gr.

KKÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

14. gr.

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn KKÍ jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

15. gr.

Stjórn KKÍ hefur frjálsan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan végbanda KKÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda, sem eru aðilar að sambandinu.

16. gr.

Ávifélagar KKÍ geta peir orðið, sem stjórn KKÍ samþykkir og greiða kr. 250.00 í sjóð ávifélagar KKÍ. Heiðursfélaga KKÍ má stjórn bess kjósa, ef hún er einhuga um það.

17. gr.

Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður. Ákveður það þing síðan, hvernig ráðstafa skuli eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksíþróttar í landinu.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sambandsráð ÍSÍ hefur staðfest þau.

Lög þessi voru samþykkt 29. jan. 1961.

Staðfest af sambandsráði ÍSÍ 1961.

Breyting samþykkt 17. nóv. 1963.